

Messur

Guðsþjónustur í Reykjavíkurprófastsdæmi sunnudag 19. febrúar 1989

Árbæjarprestakall. Barnasamkoma í Fólaskóla í Grafarvogshverfi laugardag kl. 11 árdegis. Sunnudagur: Barnasamkoma í Árbæjarkirkju kl. 10.30 árdegis. Guðsþjónusta í Árbæjarkirkju kl. 14. Organleikari Jón Myrdal. Vænst er þátttöku fermingarbarna og foreldra þeirra í guðsþjónustunni. Þriðjudagur: Fyrirbæstastund í Árbæjarkirkju kl. 18. Miðvikudagur: Samvera eldra fólks í safnaðarheimili Árbæjarkirkju kl. 13.30. Föstudagur: Samvera eldra fólks í safnaðarheimili Árbæjarkirkju kl. 20.30. Sr. Guðmundur Þorsteinsson.

Áskirkja. Barnaguðsþjónusta kl. 11. Guðsþjónusta kl. 14. Miðvikudagur: Föstudagur í Áskirkju kl. 20.30. Sr. Arni Bergur Sigurbjörnsson.

Breiðholtskirkja. Barnaguðsþjónusta kl. 11. Skátaguðsþjónusta kl. 14. Organisti Sigríður Jónsdóttir. Þriðjudagur: Bænauguðsþjónusta kl. 18.15. Altarisganga. Föstudagur í Hallgrímskirkju miðvikudag kl. 20.30 með þátttöku kirkjukórs, organista og sóknarprests Breiðholtssóknar. Sr. Gísli Jónsson.

Bustaðakirkja. Barnaguðsþjónusta kl. 11. Guðrún Ebba Ólafsdóttir. Guðsþjónusta kl. 14. Einar Örn Einarsson syngur einsöng. Ina Þóll Jónsdóttir og Guðrún Arnadóttir leika á flötu og Þórhildur Halla Jónsdóttir á selló. Organisti Guðni Þ. Guðmundsson. Konukaffi bræðrafélagins strax eftir messu. Auk eigin-kvenna félagsmanna er eldri borgurum sérstaklega boðið. Ávarp, söngur og hljóðfæraleikur. Aðalfundur Kvenfélags Bustaðakirkju verður mánudagskvöld kl. 20.30 í safnaðarheimilinu. Félagsstarf eldri borgara miðvikudag kl. 13.30-17. Æskulyðsfélagsfundur miðvikudagskvöld. Helgistund á föstu miðvikudagskvöld kl. 20.30. Sr. Ólafur Skúlason.

Digranesprestakall. Barnasamkoma í safnaðarheimilinu við Bjarnhólastíg kl. 11. Guðsþjónusta í Kópavogskirkju kl. 11. Sr. Þorbjörg Kristjánsson.

Dómkirkjan. Laugardagur: Barnasamkoma í kirkjunni kl. 10.30. Öll börn velkomin. Egill og Ólafía. Sunnudagur: Messa kl. 11. Sr. Kristinn Ágúst Friðfinnsson. Messa kl. 14. Sr. Hjalfríður Friðfinnsson.

Friðkirkjan í Reykjavík. Barnaguðsþjónusta kl. 11. Guðsþjónusta kl. 14.00. Orgelleikari Pavel Smid. Cecil Haraldsson.

Landakotsspitalli. Messa kl. 13. Organleikari Birgir Ás Guðmundsson. Sr. Kristinn Ágúst Friðfinnsson.

Elliheilmilið Grund. Guðsþjónusta kl. 14. Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir guðfræðinemi prédikar og sr. Bjarni Sigurðsson þjónar fyrir altari. Félag fyrrverandi sóknarpresta. Föstudagsþjónusta miðvikudag kl. 18. Eiríkur Jóhannsson guðfræðinemi.

Fella- og Hólakirkja. Barnaguðsþjónusta kl. 11. Umsjón Ragnheiður Sverrisdóttir. Guðsþjónusta kl. 14. Prestur Guðmundur Karl Ágústsson. Organisti Guðný Margrét Magnúsdóttir. Æskulyðsfundur kl. 20.30 mánudagskvöld. Þriðjudagur: Opíó hús fyrir 12 ára börn kl. 17-18.30. Miðvikudagur: Guðsþjónusta með altarisöngu kl. 20.00. Sóknarprest-ar.

Grensáskirkja. Barnasamkoma kl. 11. Messa kl. 14. Altarisganga. Sr. Halldór S. Gröndal messar. Organisti Arni Arnbjarnarson. Gíðeónfélagar koma í heimsókn. Miðvikudagur: Hádegisverðarfundur aldraðra kl. 11. Föstudagur: Æskulyðsstarf kl. 17. Laugardagur: Biblíulestur og bænaastund kl. 10. Prestarnir.

Hallgrímskirkja. Barnasamkoma og messa kl. 11. Sr. Ragnar Fjalmar Lárusson. Léttur hádegisverður verður seldur eftir messu. Þriðjudagur: Fyrirbænauguðsþjónusta kl. 10.30. Þetta er fyrir síðkum. Miðvikudagur: Opíó hús fyrir aldraða kl. 12.30. Föstudagur: Opíó hús fyrir aldraða kl. 12.10. Altarisganga og bænaastund kl. 12.10. Léttur hádegisverður í safnaðarheimilinu kl. 12.30. Sóknarprestur.

Nesirkirkja. Laugardagur: Samverustund aldraðra kl. 15. Farið verður í stutta ferð í Seljahlíð og Seljakirkju. Smávægilegur kostnaður. Sunnudagur: Barnasamkoma kl. 11. Múnið kirkjubíllinn. Guðsþjónusta kl. 14. Orgel- og kórstjórn Reynir Jónsson. Sr. Ólafur Jóhannsson. Mánudagur: Æskulyðsstarf fyrir 12 ára krakka kl. 18. Æskulyðsstarf fyrir 13 ára og eldri kl. 19.30. Þriðjudagur: Æskulyðsstarf fyrir 10 og 11 ára krakka kl. 17.30. Miðvikudagur: Föstudagsþjónusta kl. 20. Sr. Ólafur Jóhannsson. Þriðjudagur og fimmtudagur: Opíó hús fyrir aldraða kl. 13-17. Seljakirkja. Barnaguðsþjónusta kl. 11. Múnið skólabilinn. Guðsþjónusta kl. 14. Irma Sjöfn Óskarsdóttir prédikar. Organisti Kjartan Sigurbjörnsson. Mánudagur: Æskulyðsfundur kl. 20. Föstudagur: Fyrirbænauguðsþjónusta kl. 22. Sóknarprestur.

Seltjarnarnesirkirkja. Kirkjuvígsla kl. 16. Biskup Íslands, herra Pétur Sigurgeirsson, vísar kirkjuna. Vígslubiskup, sr. Ólafur Skúlason, þjónar fyrir altari ásamt sóknarpresti, sr. Solveig Láru Guðmundsdóttur. Safnaðarkór Seltjarnarneskirkju syngur. Organisti Sighvatur Jónsson. Hljóðfæraleikarar: Skarphéinn Einarsson, Björgvin Sigurðsson, Anna Sigurbjörnsdóttir, Óssur Geirsson, Sigurbjörn Smári Gylfason og Reynir Jónsson. Elísabet F. Eiríksdóttir syngur einsöng. Hljómyki flytur íslensk kórverk. Æskulyðsfundur mánudagskvöld kl. 20.30. Opíó hús fyrir 10-12 ára þriðjudag kl. 18. Sóknarprestin.



Ásgerður Búadóttir.

Gallerí Borg: Ásgerður Búadóttir sýnir vefnað

Í gær opnaði Ásgerður Búadóttir sýningu á verkum sínum í Gallerí Borg, Pósthússtræti 9. Ásgerður hefur haldið sex einkasýningar í Reykjavík og tekið þátt í mörgum samsýningum hér á landi og erlendis, meðal annars haustsýningu FÍM. Einnig hefur hún sýnt sex sinnum með sýningarhópnum Kolóristerne á Den Frie í Kaupmannhöfn.

Ásgerður á mörg verk á mörgum opinberum söfnum og stofnum, meðal annars Listasafni Íslands, Listasafni Háskóla Íslands, Róhsska listiðnaðarsafninu Gautaborg, Norrænu menningarmálföstuduninni,

Kaupmannahöfn, Textile Arts Foundation, Main, USA og Seðlabanka Íslands. Ásgerður hlaut Menningarverðlaun DV 1982 og var kjörin borgarlistamaður Reykjavíkur 1983-84.

Á sýningu Ásgerðar nú í Gallerí Borg eru níu verk, öll öfn á árunum 1986-1989. Fjögur verk sýningarinnar kallar listakonan Gengið með sjó er það samstæða en þó er hvert verk fyrir sig sjálfstætt.

Sýningin er opin virka daga frá kl. 10.00-18.00 og um helgar frá kl. 14.00-18.00. Henni lýkur þriðjudaginn 28. febr. 1989.

Íslenska óperan: György Pauk og Ralf Gothoni

Ungverski flötleikarinn György Pauk og finnski pianóleikarinn Ralf Gothoni halda tónleika í Íslensku óperunni kl. 14.30 á vegum Tónlistarfélagins.

Báðir þessir ágætustu listamenn hafa komið við sögu tónlistarlífsins hér áður, György Pauk hélt tónleika fyrir Tónlistarfélagið 1978 og Ralf Gothoni lék með finnska barítónsöngv-

aranum Jorma Hynninen á tónleikum í Norræna húsinu fyrir nokkrum árum.

György Pauk hefur lengi verið með vinsælustu flötleikurum heims og á tónleikum á laugardaginn leika þeir Ralf Gothoni verk eftir Beethoven, Schubert, Janacek og Lutoslavsky.

Miðasala er við innganginn.

Kjarvalsstaðir: Félagssýning FÍM

FÍM, Félag íslenskra myndlistarmanna, opnar félagssýningu sína sem haldin er annað hvert ár (tvíær-ingur), á Kjarvalsstöðum laugardaginn 18. febrúar kl. 14.00.


Sýningin stendur til 5. mars.

FÍM hefur haldið uppi öflugri sýningarstarfi frá stofnun árið 1928 og einnig rekið nokkra sýningarsali.

Lengi var félagssýningin haldin árlega að hausti til en nú er hún haldin annað hvert ár. Oft hefur ut-


anfélagsmönnum eða erlendum myndlistarmönnum verið boðin þátttaka en nú eru það eingöngu félagsmenn í FÍM sem sýna.

FÍM rekur sýningarsal og sölugall-eri að Garðastræti 6, Reykjavík.



Unnið að uppsetningu sýningar FÍM að Kjarvalsstöðum.

Leiðsögn um víkingasýningu




Þór Magnússon veitir gestum leiðsögn um víkingasýninguna.

Á sunnudaginn ætla Þór Magnússon þjóðminjavörður að veita gestum leiðsögn um víkingasýninguna. Leiðsögnin hefst í Þjóðminjasafninu klukkan 14 og er gert ráð fyrir að þaðan verði gengið niður í Norræna hús og haldið áfram þar til kl. 15.

Aðsókn að sýningunni hefur verið góð þrátt fyrir rýstjót tíðarfar. Myntsláttan í Norræna húsinu hefur vak- ið sérstaka athygli, einkum yngri gesta, en þar er hægt að slá sér víkingamynt.

Þá hefur fjöldi skólafélks sótt sýninguna með kennurum sínum enda hefur safnkennari Þjóðminjasafnsins útbúið sérstök verkefni fyrir skólana. Aðgangur að sýningunni er ókeypis fyrir skólafélk með kennurum og verkefnið sömuleiðis.



Ein ljósmynda Sigurbjörns Hallbjörnssonar á sýningu hans á Mokka.

Mokka: Ljósmyndir Sigurbjörns Hallbjörns-sonar

Þessa dagana stendur yfir ljósmyndasýning á Mokka. Sýndar eru átján ljósmyndir Sigurbjörns Hallbjörnssonar og ber sýningin yfirskriftina Ferðalag.

Þessa sýningarinnar er ferð um Evrópu sem Sigurbjörn fór síðastliðið sumar. Hann hefur áður tekið þátt í samsýningu með ljósmyndaklúbbum Hugmynd '81. En þetta er fyrsta einkasýning hans.

Hótel Saga: Norðurlönd og samruninn í Evrópu

Norski þingmaðurinn Tora Aasland Houg flytur erindi á öppni ráðstefnu Alþýðubandalagsins á Hótel Sögu á morgun kl. 13. Nefnist erindið Norðurlönd og samruninn í Evrópu.

Tora Aasland Houg er þingmaður Sósíalíska vinstriflokksins, félagsfræðingur og mennt og var varaformaður flokksins 1983-1987. Á Stórbpinginu hefur hún meðal annars verið talsmaður flokksins í iðnaðarmálum.

Þjóðleikhúsið: Óvitar


Barnaleikritið Óvitar eftir Guðrúnu Helgadóttur nýtur mikilla vinsælda og hefur verið uppselt á allar sýningar.

Óvitar eru virkilega skemmtileg leikrit þar sem öllu er snúið við, börnin fæðast stór en minnka með aldrinum. Foreldrarinn reyna að fá börnin til að borða minna svo þau verði lítil og mömmurnar reyna að spara með því að kaupa af lítil föt á krakkana. Fullorðnir leika börnin og börnin eru leikin af fullorðnum.

Níu fullorðnir og tuttugu börn taka þátt í sýningunni. Það reynir mikið á börnin, sem eru á aldrinum sjö til

fjórta ár, að leika upp fyrir sig í aldrí. Fullorðnu leikararnir verða aftur á móti að lifa sig inn í hugarheim barna.

Aðahlutverkin leika Þór Tulinius og Halldór Björnsson. Fjallar leikritið um Guðmund og Finn, sem þeir leika, og hvaða afleiðingar strok Finns hefur sem hreiðrar um sig heima hjá Guðmundi án þess að nokkur viti. Aðrar sýningar í Þjóðleikhúsinu um helgina eru Háskleg kynni og óperan Ævintýri Hoffmanns en nú eru aðeins fjórar sýningar eftir á þessari vinsælu óperu.



Úr sýningu Þjóðleikhússins á hinu vinsæla barnaleikriti Guðrúnu Helgadóttur, Óvitar.

Kjarvalsstaðir
v/Mikla
Félag íslenskra myndlistarmanna opnar félagssýningu sína, sem haldin er annað hvert ár (tvíær-ingur), á morgun, laugardag, kl. 14. Sýningin stendur til 5. mars.

Í Odda, nýja hugvísindahúsinu, er opið daglega kl. 13.30-17. Þar eru til sýnis 90 verk í eigu safnsins, aðallega eftir yngri listamenn þjóðarinnar. Aðgangur að safninu er ókeypis.

Listasafn Íslands, Fríkirkjuvegi 7. Í sal 1 eru kynntir þrír málárar: Jón Stefánsson, Jóhannes S. Kjarval og Gunnlaugur Scheving. Verk fyrstu landslagsmálara, Þórarins B. Þorlákssonar og Ásgrims Jónssonar, eru sýnd í sal 2 og spanna þau yfir tímabilið frá 1900-1930. Í sölu á efri hæð hússins hefur nú verið komið fyrir nýjum aðföngum, málverkum og höggmyndum eftir íslenska listamenn. Listasafnið er opið alla daga nema mánudaga kl. 11-17 og er aðgangur og auglýst leiðsögn ókeypis. Veitingastofa hússins er opin á sama tíma.

Listasafn Sigurjóns Olafssonar, Laugarnestanga 70. Í tilefni af opnun safnsins og 80 ára afmæli listamannsins er haldin yfirlitssýning á 50 verkum Sigurjóns. Þar á meðal eru myndir sem aldrei hafa áður verið sýndar á Íslandi. Safnið og kaftstofan eru opin laugardaga og sunnudaga kl. 14-17. Tekið er á móti hópum eftir samkomu-lagi.

Mokka Kaffi, Skólavörðustíg Sigurbjörns Hallbjörnssonar sýnir 18 ljósmyndir. Sýningin ber yfirskriftina Ferðalag. Þessa sýningarinnar er ferð um Evrópu sem Sigurbjörn fór sl. sumar. Hann hefur áður tekið þátt í samsýningu en þetta er fyrsta einkasýning hans.

Nýhólm, Hafnarstræti 18. Guðbjörg Lind Jónsdóttir sýnir í Nýhólm. Á sýningunni eru olíumálverk og vatnslistamyndir unnar á sl. ári. Sýningin, sem er sölusýning, er opin virka daga kl. 10-18 og um helgar kl. 14-18. Henni lýkur 22. febrúar.

Norræna húsið
v/Hringbraut
Vikarar í Jörvík og vesturvegi nefnist sýning í Norræna húsinu og Þjóðminjasafninu. Þetta er fyrsta stóra víkingasýningin sem haldin er á Íslandi. Mikill hluti sýningarefnisins kemur frá Jörvík eða York á Englandi. Sýningin í Norræna húsinu byggist á gripum frá Jörvík. Hún stendur til 3. apríl. Þá stendur einnig yfir sýningin Börn norðursins (Children of the North). Er barna um að ræða sýningu á myndskreytingum úr norrænum barnabókum.

Nýlistasafnið
v/Vatnastíg
Ívar Valgarðsson heldur sína sjöundu einkasýningu í Nýlistasafninu. Á sýningunni eru verk sem fjalla um listbrögð sem verður að heita til að öðlast heilur, auðsæld, ást og orðstír. Sýningin stendur til 19. febrúar.

Stofnun Árna Magnússonar
Handritasýning Stofnunar Árna Magnússonar er í Arnagarði við Suðurgötu á þriðjudögum, fimmtudögum og laugardögum kl. 14-16.

Póst- og simaminjasafnið, Austurgötu 11. Opíó á sunnudögum og þriðjudögum kl. 15-18. Aðgangur ókeypis.

Sjóminjasafn Íslands, Vesturgötu 8, Hafnarfirði. Opíó laugardaga og sunnudaga kl. 14-18.

Vinnustofa Ríkejar, Hinnervötu. Þar eru til sýnis og sölu postúlinslágmyndir, málverk og ýmsir litir hlutir. Opíó er á verslunartíma þriðjudaga, miðvikudaga, fimmtudaga og föstudaga og á laugardögum kl. 10-16.

Þjóðminjasafnið
Opíó þriðjudaga, fimmtudaga, laugardaga og sunnudaga kl. 11-16. Sýningin Vikarar í Jörvík og vesturvegi stendur yfir þar.

Myndlistarsýning í SPRON
Í Sparisjóð Reykjavíkur og nágrennis, útbúinu Álfabakka 14, Breiðholti, stendur yfir sýning á verkum eftir Sigurði Þóri Sigurðsson. Sýningin er opin mánudaga til fimmtudaga kl. 9.15-16 og föstudaga kl. 9.15-18. Sýningin er sölusýning.

Listkyrning á Akureyri
Alþýðubankinn og Menningarsamtök Norðurlendinga kynna að þessu sinni graflíkistakönnu Guðbjörgu Ringsted. Guðbjörg er fædd 1957. Hún lauk námi í grafíkdeild Myndlistar- og handfólaskóla Íslands 1983. Hún hefur haldið tvær einkasýningar og tekið þátt í samsýningum. Á listkyrningunni eru 11 dákristur unnar á árunum 1983 og 1988. Listkyrningin er í útbúi Alþýðubankans á Akureyri, Skipagötu 14, og stendur hún til 10. mars.